

Morgunblaðið

YFIRLIT • PDF • [TEXTAÚTGÁFA](#) • GAGNVIRK • HLIÓÐMOGGI • GREINASAFN

UMRÆÐAN Aðsent efni

Hrein og ilmandi almenningsalerni fyrir alla

Eftir Eddu Svavarsdóttur

Þriðjudagur, 19. nóvember 2019

Eftir Eddu Svavarsdóttur: „Alþjóðlegi salernisdagurinn er 19. nóvember. Góð almenningsalerni fyrir alla um allt land eru nauðsynleg uppbygging á grunnþjónustu.“

Crohn's og Colitis Ulcerosa-samtökin (CCU-samtökin) voru stofnuð 1995 og eru hagsmunasamtök einstaklinga með Crohn's-sjúkdóm (svæðisgarnabólga) og Colitis Ulcerosa (sáraristilbólga) en þeir eru langvarandi bólgusjúkdómar í meltingarvegi. Helstu markmið samtakanna eru að styðja við nýgreinda einstaklinga, stuðla að útgáfu fræðsluefnis og auka almenna þekkingu á hvað samtökin standa fyrir og hvað sjúkdómarnir geta haft mikil áhrif á daglegt líf einstaklinga sem með þá greinast. Þó að skilningur manna sé sífellt að aukast á mikilvægi heilbrigðrar þarmaflóru og áhrifum hennar á líf og heilsu fólks er ekki enn vitað hvað veldur því að fólk veikist og helstu meðferðir í dag miðast við að halda sjúkdómseinkennum niðri með lyfjagjöfum og skurðaðgerðum. Eitt af mörgum einkennum sjúkdómanna sem sumir glíma við er bráð og stundun fyrirvaralaus þörf á að nota salerni. Að hafa aðgang að salerni er ein af þeim grunnþörfum sem talin er til nauðsynja í nútímasamfélagi og hægt að fullyrða að flestir vilji hafa þau hrein og aðlaðandi þegar nýta þarf aðstöðuna. En eins og allir vita eru almenningsalerni mjög mismunandi og oft á tíðum hvorugt af þessu þegar nauðsyn krefur ef þau eru yfir höfuð til staðar. Fyrir stuttu átti að bjóða út skipti á sex hefðbundnum almenningsalernum í Reykjavík fyrir sjálfhreinsandi salerni og fagnaði stjórn CCU-samtakanna því innilega. Það er löngu kominn tími á að bæta aðstöðuna í þessum málum en rétt fyrir opnun tilboða var útboðið því miður dregið til baka. Ekki síður mikilvægt verkefni fyrir Reykjavíkurborg og sveitarfélög um land allt, væri að fjölga almenningsalernum og/eða gera þjónustusamning við aðila sem reka salerni og opna þar með á aðgang fyrir almenna vegfarendur. Góðar merkingar á staðsetningu eru nauðsynlegar og aðgengi þarf að vera fyrir alla. Afar mikilvægt er fyrir okkar félagsmenn að hafa greiðan aðgang að salernum í neyðartilvikum og sjálfhreinsandi salerni eru mjög góður kostur. En góður aðgangur skiptir ekki bara máli fyrir þennan eina hóp einstaklinga, hann skiptir máli fyrir alla; stórnabæga, ónæmisbælda einstaklinga, sjúka, heilbrigða, aldraða, foreldra og börn. Hver vill ekki hafa góðan aðgang að hreinu og vel lyktandi almenningsalerni? Biðtími á milli salernisferða getur einnig skipt máli, þ.e. hve langan tíma tekur að hreinsa salernið milli notenda. Best er að hafa hann sem stystan, held að allir geti verið sammála um það, hvort sem sjúkdómar séu fyrir hendi eða ekki. Ferðamannastraumur eykst sífellt og góð almenningsalerni fyrir alla um allt land eru nauðsynleg uppbygging á grunnþjónustu sem þarf að veita í nútímasamfélagi.



Edda Svavarsdóttir

Sjálfhreinsandi og aðlaðandi almenningsalerni um allt Ísland eru þjóðþrifamál!

Höfundur er formaður CCU-samtakanna. es@verkis.is[Morgunblaðið 19.11.19, bls. 17 • Orðafjöldi: 413 • [PDF-útgáfa](#)]

Valdar greinar síðustu daga

Þriðjudagur, 19. nóvember 2019

**Ferköntuð hringtorg**

Skrifstofa Dags borgarstjóra hefur þanist út eins og gorkúlur á haugi. Engin von er til þess að þar verði sparað eða dregið úr. Enda verkefnið óþrjótandi. Vandamál eru á hverju strái, ekki einungis þeim sem skreyttu Braggann sem kostaði borgarbúa nokkur hundruð milljónir. [Meira](#)

**Samherji til skoðunar**

Stjórn Arion hefur beðið um „ítarlega athugun“ • Væntanlega rætt í stjórn Íslandsbanka í dag • Eitt skip sem starfrækt er erlendis fjármagnað hér á landi [Meira](#)

**Praktískur og mikið fyrir augað**

Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan André Citroën kynnti sinn fyrsta bíl til sögunnar í júlí árið 1919, him svokallaða A Type Citroën. Útlit þess bíls er fremur kunnuglegt fyrir ökutæki þess tíma, en er leið á öldina fóru Citroën-bílar að marka sér skýra sérstöðu útlitslega séð, eins og með tilkomu hinna goðsagnakenndu Citroën-bragga, sem smíðaðir voru á tímabilinu 1948 til 1990. [Meira](#)

**Flytur Tækniskólinn á Ártúnshöfðann?**

„Myndi skapa feiknarlega spennandi tækifæri fyrir borgina“ [Meira](#)

[Sýna fleiri valdar greinar](#)

